

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hraunkots, Hraunborgir svæði A.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að  $25\text{ m}^2$  verkfærageymslu/gestahús við Húsasund, svæði 2.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi golfvallarsvæðis úr landi Minni-Borga.*  
Í breytingunni felst að fallið er frá uppbyggingu frístundahúsa sem fyrirhuguð voru á tveimur svæðum innan golfvallarins (Móaflöti og Tjaldhóla) og ekki er lengur gert ráð fyrir byggingarreitum undir sér golfskála við bílastæði né æfingaskýli og áhaldahús á æfingsvæðinu. Í staðinn er nú gert ráð fyrir lóð undir hótel- og gistihús ásamt tilheyrandi bílastæðum á vesturhluta svæðisins auk áhaldahúss á miðju golfvallarsvæðinu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2012.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness.*  
Í breytingunni felst að lóðir nr. 20, 22, 24 og 26 við Kothólsbraut færast 4 m suður og stækkar því lóð 22 úr  $4.390\text{ m}^2$  í  $4.735\text{ m}^2$ , lóð 22 minnkar úr  $5.044\text{ m}^2$  í  $5.029\text{ m}^2$ , lóð 24 minnkar úr  $5.036\text{ m}^2$  í  $5.019\text{ m}^2$  og lóð 26 minnkar úr  $5.067\text{ m}^2$  í  $5.044\text{ m}^2$ , skilmálar breytast ekki.  
Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2011.
4. *Breyting á deiliskipulagi ferðajónustuhúsasvæðis í landi Minni-Borga, lóð 4.*  
Í breytingunni felst að byggingarreitur nr. 4 í samþykktu skipulagi verður að lóð nr. 4 sem verður  $2.250\text{ m}^2$  að stærð og er gert ráð fyrir  $1.400\text{ m}^2$  byggingarreit 5 m innan lóðamarka þar sem þegar er búið að byggja um  $60\text{ m}^2$  þjónustuhús. Með stækkuðum byggingarreit er gert ráð fyrir að þjónustuhúsið geti stækkað um  $300\text{ m}^2$  og verið allt að  $360\text{ m}^2$  að stærð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2012.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Kerhrauns, lóðir 47 og 52.*  
Í breytingunni felst að lóðir 47 og 52 við Hraunbrekku í landi Kerhrauns verða sameinaðar. Eftir sameininguna verður lóðin Hraunbrekka 52,  $10.214\text{ m}^2$  að stærð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2012.
6. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis C í landi Kerhrauns, lóðir 33 og 36.*  
Í breytingunni felst að lóðir 33 og 36 á svæði C í landi Kerhrauns verða sameinaðar. Eftir sameininguna verður lóð 36,  $11.420\text{ m}^2$  að stærð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 19. september 2012.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**